


viljinn í VERKI



sýning að
Kjarvalsstöðum
18.-27.mars '78

í anniliv

Afmælisnefnd Styrktarfélags vangefinna:

Halldóra Sigurgeirsdóttir, formaður,

Gréta Bachmann,

Hrefna Haraldsdóttir,

Hörður Sigbórsson,

Tómas Sturlaugsson,

Margrét Margeirsdóttir, félagsráðgjafi,
starfaði með nefndinni.

Hönnuður sýningarinnar er
Gunnar Bjarnason, leiktjaldamálari.



Athygli sýningargesta skal vakin á því, að þá daga, sem sýningin stendur yfir, verða kvikmyndasýningar daglega og einnig verður fjölbreytt dagskrá, sem auglýst verður nánar í fjölmiðlum.

Útg. Styrktarfélag vangefinna
Reykjavík 1978.

sýning
Kjarnastöðum
18.-27. mars 78

Ávarp

Heiðraði sýningargestur.

Þessi sýning, sem nefnd hefur verið „Viljinn í verki“, er byggð upp sem þróunar- og sögusýning um málefni vangefinna í landinu.

Sýningin er haldin í tilefni 20 ára afmælis Styrktarfélags vangefinna í Reykjavík, en félagið var stofnað 23. mars 1958.

Öll heimili og stofnanir vangefinna eru þátttakendur í sýningunni, svo og Öskjuhlíðarskólinn, Þroskaþjálfaskóli Íslands og Landssamtökin Þroskahjálp. Þá verða litillega kynntar bókmenntir um málefnið, innlendar og erlendar.

Þessi sýning er sú fyrsta sinnar tegundar, sem haldin er hér á landi. Tilgangurinn með henni er fyrst og fremst sá, að kynna málefnið og ekki síður, að sýna getu þessa fólks í verki, því allir munir á sýningunni eru unnir af vangefnum fólki.

Flestir landsmenn hafa löngum verið vantrúaðir á, að „okkar fólk“ gæti nokkuð starfað til munns eða handa, en reynslan er sú, að með kennslu og þjálfun er lítið vandamál að láta vangefið fólk nema, sjálfu sér til lífsfyllingar og þjóðfélaginu til gagns.

Sé það gert er unnið mannúðarstarf.

Það er einlæg von þeirra, sem að sýningunni standa, að hún veiti nokkra innsýn í málefnið og staðfesti jafnframt þá skoðun, að allir geti eitthvað lært.

C. Magnús Þrókinn

form. Styrktarfélags vangefinna.

Sólheimar í Grímsnesi

Sýndir eru eldri munir, unnir á árunum 1933—'65.

Handunnir munir frá s.l. árum: Handofin glugga-tjöld, dúkar, mottur. Handunnar brúður. Útsaumur ýmiss konar. Handunnin kerti (dyfin). Bókband.


Á Sólheimum dvelja nú 40 vistmenn á aldrinum 11—46 ára. Kennarar eru tveir í fullu starfi. Kennsla í bóklegum og verklegum greinum, svo og tónþjálfun. Starfsfólk annast starfsþjálfun vistfólks m.a. í landbúnaðarstorfum, garðyrkju, bókbandi, vefnaði o.fl.

Forstöðukona er Arnþrúður Sæmundsdóttir.

Árið 1930 kom Sesselja Sigmundsdóttir heim til Íslands eftir nám í hjúkrun og uppeldi barna, er hún stundaði í Danmörku, Þýskalandi og Sviss.

Sesselja hreifst mjög af kenningum þýska heimspékingsins og kennarans Rudolfs Steiners og eftir dvöl í aðalstöðvum Steinerskólans í Dormach í Sviss, ákvað hún að helga lífsstarf sitt því, að koma upp heimili fyrir vanþroska börn og unglínga heima á Íslandi.

Með heilshugar stuðningi foreldra sinna, systkina og ýmissa kunningja tók hún, vorið 1930, á leigu jörðina Hverakot í Grímsnesi.



Íbúðarhæf hús voru ekki á jörðinni og hófst hún strax handa með byggingu heimavistarhúss.

Sesselja fékk kr. 15.000 í styrk til stofnunar heimilisins, en svo mikil var þörfin fyrir slíkt heimili, að þá um sumarið byrjaði hún starfið í tjöldum með börnin, en flutti í ófullgert húsið í byrjun vetrar, eða 4. nóv. 1930. Heimilið yfirfylltist strax af vangefnum og fötluðum börnum. Á árinu 1933 var svo komið, að bæta varð við húsakost og var enn ráðist í heimavistarbyggingu.

Sesselja fékk þá 15.000 kr. framlag frá ríkinu til framkvæmdanna. Jörðin fékkst til eignar og heimilið var gert að sjálfseignarstofnun og gefið nafnið „Sólheimar“. Frá árinu 1933 og fram til þessa dags hefur uppbygging Sólheima haldið áfram. Byggt hafa verið eftirtalin hús; Selhamar, Lækjarbakki, Gimli, Sveinalundur, Freyjulundur, starfsmannahús, samkomuhús og skólahús með vinnustofum.

Á heimilinu dvöldu að meðaltali 45 vistmenn. Árið 1946 var byggt sundlaug á staðnum og var hún gefin heimilinu. Búskapur og garðrækt með lífrænni ræktun, hafa ætíð verið á Sólheimum og eru nú tvö 300 ferm. gróðurhús á staðnum.

Sesselja var brautryðjandi í starfi fyrir vangefið fólk. Hún mótaði starf Sólheima í anda æskuhugsjóna sinna og kenninga Rudolfs Steiners. Sesselja helgaði heimilinu líf sitt og krafta í full 44 ár. Hún lést 8. nóv. 1974.

Við heyskap.



Tónlistartími.



Kópavogshæli

Sýndir eru munir, sem aðallega voru unnir á fyrsta áratug stofnunarinnar, s.s. hnýtt net, handunnar mottur og burstar.

Handunnir munir frá s.l. ári, þrjónles, ýmiss konar heklaðir munir, ofnir dúkar og útsaumur. Framleiðsla vistmanna.

Á Kópavogshæli dvelja nú 185 vistmenn, börn unglíngar og fullorðið fólk. Kennarar við stofnunina eru tveir, í 1/2 starfi hvor, og handavinnukennari í 1/2 starfi. Kennsla og þjálfun við hæfi og getu hvers einstaklings. Verklega kennsla, starfsþjálfun, annast þroskaþjálfar og starfsfólk. Starfsmenn á vinnustofum eru 9.75 einstaklingar, eða 40% vistmanna, fá verklega kennslu og starfsþjálfun á vinnustofum. Tvær vinnustofur eru á stofnuninni: Framleiðslu- og afþreyingarstofa og kennslustofa til verklegrar þjálfunar.

Kópavogshæli er ríkisrekin stofnun.

Forstöðumaður er Björn Gestsson.


Starfsemin á Kópavogshæli hófst 13. desember 1952, er elstu hluti stofnunarinnar var tekin í notkun. Elstu byggingar voru reistar á árunum 1948—'59. Nýrri byggingar eru m.a. þrjár karladeildir, er teknar voru í notkun á árunum 1965—'67 og skrifstofu- og þjónustubygging í ársbyrjun 1969.

Á árunum 1972—'74 voru teknar í notkun þrjár barnadeildir.

Síðasta deildin, eða heimiliseiningin, var tekin í notkun í mars 1977, en það er blönduð deild, karla og kvenna. Þar með er lokið uppbyggingu heimiliseininga eða deilda á stofnuninni, en ekki er talið ráðlegt að stækka stofnunina frekar, með fjölgun vistmanna.

Byggingar Kópavogshælis, sem reistar hafa verið eftir 1959, hafa verið fjármagnaðar af Styrktarsjóði vangefina.

Gestir í heimsókn.



Göngudeildarþjónusta var tekin upp við stofnunina fyrir tveim árum. Tilgangur hennar er ráðgjöf og stuðningur við vangefna einstaklinga utan stofnana, og aðstandendur þeirra. Einnig skammtavistun með ákveðin meðferðarleg markmið og stuðningur að lokinni dvöl á stofnuninni.

Í sumardvöl.



Kleppjárnareykir í Borgarfirði

Árið 1944 setti ríkið á stofn heimili fyrir vangefið fólk að Kleppjárnareyjkjum í Borgarfirði. Var það fyrsti visir að ríkisrekinni stofnun fyrir vangefna.

Á Kleppjárnareyjkjum dvöldu bæði piltar og stúlkur.

Er fyrsta deild Kópavogshælis tók til starfa, í des. 1952, fluttu piltarnir frá Kleppjárnareyjkjum fljótlega þangað.

Stúlkurnar dvöldu á heimilinu til ársins 1958, er kvennadeild Kópavogshælis tók til starfa. Var þá heimilið að Kleppjárnareyjkjum lagt niður sem stofnun fyrir vangefna.

Forstöðu kona var Ólafía Jónsdóttir, hjúkrunarkona.

Skálatúnsheimilið í Mosfellssveit

Elstu munirnir eru frá 1954, m.a. nokkrir, sem unnir eru af vistkonu, sem dvalið hefur á heimilinu frá byrjun.

Handunnir munir frá s.l. ári, gólf- og veggteppi (rya og smyrna), vefnaður ýmiss konar, útsaumur, leðurvinna og málaðar myndir.

Sýnishorn af framleiðslu vistfólks.

A Skálatúni dvelja 57 vistmenn á aldrinum 4—49 ára, bæði kynin. Kennarar eru 4 í fullu starfi, einn í 2/3 hluta starfs. Kennsla er í bók- og verklegum greinum, talkennsla, leikfimi. Sundnámskeið eru haldin árlega.

Kennsla og þjálfun fer eftir getu og hæfni hvers einstaklings. Auk kennara sjá þroskaþjálfar og ófaglært starfsfólk um þennan þátt. Starfsþjálfun, visir að framleiðslu sem unnin er fyrir fyrirtæki.

Skálatúnsheimilið er sjálfseignarstofnun.

Forstöðumaður er Einar Hólm Ólafsson.

Barnaheimili Templara var sett á stofn af Umdæmisstúkunni No. 1 I.O.G.T. árið 1946, undir stjórn Jóns Gunnlaugssonar, umdæmistemplars, þáverandi stjórnarráðsfulltrúa. Stjórnin, sem var skipuð 5 mönnum, tilnefndum af framkvæmdanefnd Umdæmisstúkunnar, réðst í það stórvirki árið 1953 að kaupa jörðina Skálatún í Mosfellssveit í þeim tilgangi að reka þar heimili fyrir vangefin börn. Fyrsta barnið kom á heimilið 30. jan. 1954. Heimilið var upphaflega ætlað fyrir 17—18 börn og unglínga, sem væru kennsluhæf, og þá helst miðað við handavinnu- og fönðurkennslu, ásamt einhverju bóknámi, ef mögulegt væri.

Fermingarbörn.



Kennslukona var ráðin að heimilinu strax fyrsta haustið.

Fjórum árum eftir að heimilið tók til starfa voru vistmenn orðnir 24 og var heimilið þá, og hefur verið síðan, miklu meira en fullsetið.

Rúmlega tveim árum eftir stofnun Styrktarfélags vangefinna, Reykjavík, var gerð sú breyting á skipulagsskrá heimilisins, að Styrktarfélagið tilnefndi 2 stjórnarmenn á móti framkvæmdanefnd Umdæmisstúkunnar, sem tilnefndi 2, en landlæknir tilnefndi oddamann í stjórn.

Eftir stofnun Styrktarfélagsins og tilkomu Styrktarsjóðs vangefinna, árið 1958, hófust endurbætur og uppbygging húsa á Skálatúni, svo sem annars staðar. Á árunum 1960—72 voru eftirtalin hús byggð á staðnum: starfsmannahús, nýtt vistmannahús, ætlað 32 vistmönnum, annað starfsmannahús. Endurbætur voru gerðar á eldra vistmannahúsi.

1965 mynduðu foreldrar barna sundlaugarsjóð til byggingar sundlaugar, ásamt baðhúsi. Við vigsluathöfn nýja vistmannahússins í júní 1968, afhenti formaður fyrrnefnds sjóðs, heimilinu þessi mannvirki til fullrar eignar. Sundlaugin er 80 fermetrar og baðhús 45 fermetrar.

Árið 1976 var tekið í notkun gróðurhús á staðnum, sem auk framleiðslu grænmetis og blóma er þjálfunarvettvangur vistfólks.

A Skálatúni hefur frá byrjun verið rekinn búskapur, og hafa vistmenn unnið litillega við hann.

Við eldhússtörf.



Tjaldanesheimilið

Tjaldanesheimilið í Mosfellssveit var stofnað árið 1963, og voru helstu hvatamenn þess, þeir Friðfinnur Ólafsson, forstjóri, Hafsteinn Sigurðsson, lögfræðingur, Oddgeir Bárðarson, sölustjóri o.fl. Fyrstu vistmenn komu 1965. Þeir voru fáir í byrjun, en hefur fjölgað smám saman, með auknum húsa-kosti, og eru nú 28. Auk viðbótarhúsnæðis, var komið fyrir sundlaug, sumarið 1975, en hún var að mestu leyti byggð fyrir gjafafé, bæði frá einstaklingum og fyrirtækjum. Einnig áttu hlut að máli Oddfellowstúkan Þorfinnur Karlsefni og Lionsklúbburinn Þór, en báðir þessir aðilar hafa oft stutt heimilið.

Heimilið var framan af rekið sem sjálfseignarstofnun, af daggjöldum, en í marz 1976 var það afhent íslenska ríkinu, og veitti Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Matthías Bjarnason, því viðtöku. Það er nú rekið sem sjálfseignarstofnun í eigu ríkisins og háð daggjöldum eins og áður. Stjórn heimilisins skipa nú frú Salome Þorkelsdóttir, formaður, Tómas Sturlaugsson og Friðfinnur Ólafsson, sem setið hefur í stjórn frá upphafi.

Skóli hefur verið starfræktur við heimilið frá byrjun, og starfar nú, skv. lögum um grunnskóla, sem þjálfunarskóli á vegum Menntamálaráðuneytisins.

Sýnishorn þau, sem nú eru sýnd á Kjarvalsstöðum eru tómsundastörf vistpíla. Annars vinna þeir að viðhaldi húsa og húsbúnaðar á staðnum, en það er liður í vinnuþjálfun þeirra. Markmiðið er, að þjálfa sem flesta píla til einfaldra starfa á almenn-

Í teikningu.



um vinnumarkaði, og hafa nágrannar þeirra í Mosfellssveit sýnt því máli frábæran skilning. Þeir láta þá sitja fyrir vinnu, þegar tækifæri gefst, og með aukinni þjálfun bættast alltaf fleiri píltar í þennan hóp. Hitt er staðreynd, að sumir píltanna verða að vinna hér á staðnum, og enn aðrir verða aldrei vinnufærir vegna mikillar fötlunar.

Mikill áhugi er á endurskipulagningu heimilisins með nýbyggingar fyrir augum. Þær framkvæmdir munu mótast af fyrirhuguðu allsherjarskipulagi Mosfellsþrepps, sem nú er unnið að.

Forstöðumaður er Birgir Finnsson.

Það er gaman að smíða.



Vistheimilið Sólborg, Akureyri

Stofnað: Reist fyrir forgöngu Styrktarfélags vangefinna á Norðurlandi á árunum 1966—1969 og er rekið sem sjálfseignarstofnun á ábyrgð þess félags.

Starfsemi: Uppeldis- og dvalarheimili fyrir vangefið fólk.

Hóf starfsemi: Rekstur heimilisins hófst í nóvember 1969 (dagvist), en fyrstu dvalargestir komu í apríl og maí 1970.

Stærð: Á Sólborg hafa lengst af dvalist um 60 einstaklingar. Nú eru þar 58, þar af 4 í dagvist.

Stjórnun: Þormóður Svafarsson, forstöðumaður og Bjarni Kristjánsson, framkvæmdastjóri og yfirkennari.

Vistheimilið Sólborg hóf starfsemi sína á árunum 1969-1970, í nýju húsnæði er reist var fyrir framlag úr Styrktarsjóði vangefinna. Heimilinu var ætlað það hlutverk að taka til dvalar vangefið fólk af Norðurlandi, „einkum börn og unglínga er eitthvert gagn gætu haft af kennslu og þjálfun“, eins og segir í stofnskrá þess. Þessu ákvæði, hvað varðar börn og unglínga, hefur ekki reynt unnt að framfylgja af ýmsum ástæðum eins og t.d. þeim, að heimilið var og er enn eina stofnun sinnar tegundar utan þéttbýlisins á suður- og suðvesturlandi og töldu heimilin þar ekki ástæðu til að taka til dvalar fólk af Norðurlandi eftir að Sólborg hóf starfsemi. Auk þess kusu flestir foreldrar, sem bjuggu í nágrenni heimilisins og höfðu fyrir fullorðnum vangefnum einstaklingum að sjá, heldur að koma þeim

í handavinnu.



til dvalar á Sólborg, en senda þá lengra frá sér. Ýmsar aðrar orsakir hafa orðið þess valdandi, að starfsemi Sólborgar hefur þróast á nokkuð annan veg, en til var ætlast í fyrstu. Það hefur m.a. leitt til þess, að þar eru nú einstaklingar á mjög misjöfnum aldri og meðferðarstigum. Margir eru nokkuð sjálfbjarga, en stór hópur vistmanna þarf mjög mikið eftirlit og sérhæfða aðstöðu vegna mikils greindarskorts og viðbótarfötlunar af líkamlegum og geðrænum toga. Þörfum þessa hóps hefur reynt erfitt að fullnægja t.d. vegna skorts á hentugu húsnæði. Þess má geta, að þau hús sem byggð voru á sínum tíma, voru í raun einungis ætluð 35—40 einstaklingum og henta auk þess illa líkamlega fötluðu fólki. Strax á fyrstu starfsárum Sólborgar var augljóst að í óefni stefndi, ef ekki yrði reynt að ráða bót á húsnæðismálum heimilisins. Á árinu 1974 voru því eknar upp viðræður við yfirvöld um framtíð þess og gerðar tillögur um nýbyggingar. Meginefni þeirra tillagna var:

Framhald á bls. 12.

Heyinu snúid.



Lyngás, dagheimili, Reykjavík

Sýnir handunna muni frá fyrstu starfsárum heimilisins.

Ennfremur muni unna á s.l. ári, svo sem málaðar myndir, útsaum, ryamottur, trémuni, leðurvinnu, leirmuni, mótaða hluti (skulptura — eigin hugmyndir). Sameiginleg verkefni barna — veggteppi, saumað og heklað, eigin teikningar og hugmyndir.

— — —

Í Lyngási dvelja 42 börn á aldrinum 2—17 ára.

Yngstu börnin fá leik- og forskólakennslu. Börn á skólaskyldaldri eru í bóklegri og verklegri kennslu, auk þess leikfimi, en aðstaða hefur fengist s.l. 2 ár í leikfimisal Álftamýrarskóla, sem er í næsta nágrenni heimilisins.

Mikil áhersla er lögð á ADL þjálfun (atferli daglegs lífs). Þá er og talkennsla á heimilinu.

Dvalartími barnanna á heimilinu er frá kl. 9—17, 5 daga vikunnar. Þeim er ekið til og frá heimilinu.

Kennarar eru 4 í fullu starfi og 2 í hálfu starfi. Talkennari er í hluta starfs. Þroskaþjálfar annast þjálfun barnanna.

Lyngás, sem er eign Styrktarfélags vangefinna í Reykjavík, er fyrsta dagheimili þess og tók til starfa 1961. Áður hafði verið rekinn leikskóli í þrjú ár í leiguhúsnæði. Lögboðin daggjöld greidd af Tryggingastofnun ríkisins hafa fengist samkvæmt lögum frá 1967.

Grimuball.



Á fjárlögum 1978 er veitt fé (26 millj. kr.) til skólabýggingar við Lyngásheimilið.

Forstöðukona er Hrefna Haraldsdóttir.

Gláður drengur.



Dagvistarheimilið

Lækur

Dagvistarheimilið Lækur tók til starfa í ágúst 1977. Þar dvelja 10 vistmenn á aldrinum 27—52 ára, bæði kynin.

Lækur er í húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar og er rekið á sama grundvelli og í tengslum við Bjarkarás.

Styrktarfélagið annast rekstur heimilanna, en fær lögboðin daggjöld greidd frá Tryggingastofnun ríkisins.

Forstöðukona Læks er Þórdís Guðmundsdóttir.

Bjarkarás, dagvistarheimili, Reykjavík

Sýnir handunna muni, — framleiðslu — verkefni ýmiss konar, frá því heimilið hóf starfsemi sína.

Utsaumur, fatasaumur, hnýtingar (makramé), hekl, prjón, handmálað postulín, leirmuni, trémuni, leðurvörur.

Framleiðslu — sýnishorn vinnu, unna fyrir ýmiss fyrirtæki.

Vistmenn Bjarkaráss eru 44 á aldrinum 15—40 ára, bæði kynin.

Heimilið er kennslu- og þjálfunarheimili og er áhersla lögð á félags- og starfsþjálfun, svo og líkamsþjálfun.

Dvalið er á heimilinu frá kl. 9—17, 5 daga vikunnar, og fá allir heitan hádegisverð og eftirmiðdagshressingu. Flest allir ferðast til og frá heimilinu með almenningsvögnum.

Kennarar eru 3 í fullu starfi og einn í ¾ hluta starfs, auk þess tálkennari. Proskapjálfar og iðnmenntað fólk leiðbeinir í félags- og starfsþjálfun.

Forstöðukona er Gréta Bachmann.

Píanókennsla.



Styrktarfélag vangefinna, Reykjavík, hóf byggingu dagvistarheimilis við Stjórngróf í ágúst 1969.

Af byggingarkostnaði heimilisins greiddi Styrktarfélagið ¾ hluta, en ¼ hluti var framlag úr Styrktarsjóði vangefinna. Heimilið tók til starfa 18. nóv. 1971.

Foreldrar hófu byggingu sundlaugar við heimilið á s.l. ári og standa vonir til þess að verkinu ljúki nú á þessu ári.

Skóðunarferð



Ásgerði, fjölskylduheimili

Í októbermánuði 1975 festi Styrktarfélagið kaup á húseign til reksturs fjölskylduheimilis (verndað heimili).

Heimilið tók til starfa í mars 1976 og dvelja þar 5 stúlkur undir umsjá proskapjálfa. Heimilið er rekið í tengslum við dagvistarheimilið Bjarkarás, en þar eru stúlkurnar við þjálfun og störf.

Þann stutta tíma, sem fjölskylduheimilið hefur starfað, hefur það sýnt sig, að þarna fór félagið inn á þá braut, sem framtíðin kallar á, þ.e.a.s. að stefna að sem flestum litlum heimilum. Stefnan er, að hinn vangefni lifi eðlilegu lífi í eðlilegu umhverfi.

Forstöðukona Ásgerðis er Sólveig Guðmundsdóttir.

Öskjuhlíðarskóli

v/Reykjanesbraut,

hæfingarskóli fyrir andlega þroskahefta nemendur og fjölfatlaða.

Skólinn tók til starfa haustið 1975, og tók við starfsemi tveggja skóla, sem lagðir voru niður frá sama tíma, þ.e. Höfðaskóla, sem var fyrsti hæfingarskóli landsins og starfaði frá árinu 1961, á vegum Reykjavíkurborgar, og Skóla fjölfatlaðra, sem starfaði á ýmsum stöðum frá árinu 1972.

Öskjuhlíðarskóli er rikisskóli og þjónar landinu öllu.

Nú eru í skólanum 2 deildir fjölfatlaðra, 11 almennar deildir og 2 starfsdeildir, en nemendur þeirra stunda vinnu hálfan daginn.

Nemendur eru nú um 140.

Vistun nemenda utan af landi, er á vegum skólans. Börnin dvelja á einkaheimilum eða á fjölskylduheimili skólans.

Frá 1971 hefur verið starfrækt sumardvöl fyrir nemendur á ýmsum stöðum.

Foreldra- og kennarafélag starfar við skólann.

Að Sæbraut 1, (Kjarvalshúsi) er rekin á vegum Öskjuhlíðarskóla tvíþætt starfsemi: Annars vegar dagdeild, en þangað koma börn, aðallega á forskólaaldri, sem að dómi sérfræðinga þurfa skipulega athugun, greiningu og e.t.v. meðferð, og hins vegar leikfangasafn (lekotek), en þar sér fóstra um útlán leikfanga og leiðbeiningar til foreldra barna, sem dvelja í heimahúsum.

Magnús Magnússon veitti Höfðaskóla forstöðu frá upphafi, en tók við skólastjórn Öskjuhlíðarskóla 1975.

Settur skólastjóri í leyfi Magnúsar er Jóhanna Kristjánsdóttir.


Áhuginn leynir sér ekki.



Kennslustund



Þróttatími.



Um kennslu og framkvæmd fræðslulaga á heimilum fyrir vangefna

Á s.l. ári var með heimild í grunnskólalögum gefin út af Menntamálaráðuneytinu reglugerð, er fjallar um kennslu þroskaheftra og fjölfatlaðra nemenda. Þar er meðal annars ákvæði um kennslu á heimilum og stofnunum fyrir vangefna. Skólar þar eru nefndir Þjálfunarskólar og er í reglugerðinni gert ráð fyrir, að ríkissjóður (Menntamálaráðuneytið) greiði allan þann kostnað, sem af kennslunni leiðir s.s. laun kennara, rekstur húsnæðis o.s.frv. Kennarafjöldi miðast við fjölda nemenda á aldrinum 6—18 ára og skal hver nemandi njóta kennslu er nemur 5 vikustundum. Skv. því getur einn kennari annað 5—6 nemendum.

Ríkissjóður greiðir að mestu leyti laun kennara á vist- og dagheimilum fyrir vangefna, en þátttaka ríkissjóðs í öðrum kostnaði við skólalagðið er engin, þrátt fyrir skýr ákvæði þar um í nefndri reglugerð. Menntamálaráðuneytið hefur ekki fengið til að greiða þennan kostnað og vitnar þeirri ákvörðun til stuðnings í 24. gr. reglugerðarinnar um sérkennslu, en þar segir svo: „um framkvæmd reglugerðarinnar fer eftir því sem fé er veitt á fjárlögum“.

Það vekur óneitanlega furðu, að veigamikil reglugerð skuli nánast numin úr gildi á útgáfudegi með slíku ákvæði, sem hér er vitnað til.

Þegar heilbrigðir nemendur eiga í hlut er ekki spurt, hvort sérstök fjárveiting sé fyrir hendi, er fjölga þarf kennum vegna aukins fjölda nemenda. Í slíkum tilvikum ræður sá kennslustunda-fjöldi, sem nemendur eiga rétt á, lögum samkvæmt.

Þessu er hins vegar ekki til að dreifa þegar vangefnir einstaklingar eiga í hlut. Þá er spurt um heimild á fjárlögum.

Að lokum viljum við undirstrika eftirfarandi:

1. Stjórnir heimilanna hafa lagt skólum til húsnæði, án þess að Menntamálaráðuneytið hafi nokkurn kostnað haft af byggingum þeirra.
2. Fyrir þetta húsnæði hefur engin leiga verið greidd.
3. Menntamálaráðuneytið hefur heldur ekki tekið þátt í rekstri skólalagðis s.s. kostnaði við upphitun, lýsingu og ræsting.
4. Ráðuneytið hefur ekki lagt skólum þessum til kennslugögn, kennslutæki eða húsbúnað. Allir þeir kostnaðarliðir, sem hér hafa verið nefndir, hafa verið greiddir af rekstursfé heimil-

anna, fé sem í raun er ætlað til annarra þátta í starfsemi þeirra.

Af þeirri ástæðu hafa stjórnir einstakra heimila (Sólborg) séð sig tilneydda til að lýsa því yfir, að hún muni ekki standa að rekstri skóla að óbreyttum aðstæðum. Framtíð skólalags að Sólborg er því í höndum Menntamálaráðuneytisins.

Sólborg er fyrsta heimilið, sem tekur slíka ákvörðun. Ef áfram heldur, sem hingað til, er viðbúið að fleiri heimili taki sömu ákvörðun.

Vistheimilið Sólborg

Framhald af bls. 8.

að reist yrði sérstakt hús, sem væri sniðið að þörfum þess fólks, sem þyrfti mikið eftirlit og umönnun.

að byggt yrði kennslu- og þjálfunarhúsnæði, að eldri byggingum yrði breytt til samræmis við þarfir þeirra einstaklinga, er væru að nokkru sjálfbjarga.

að koma á fót fjölskylduheimili.

Þessar tillögur voru samþykktar og er nú langt komið byggingu húss þar sem rúm fæst fyrir 20 einstaklinga á tveimur deildum. Það hús verður væntanlega tekið í notkun haustið 1978. Með tilkomu þess gjörbreyttis öll aðstaða til uppeldis og meðferðar þess fólks er á heimilinu dvelst. Deildarskipting verður möguleg og þar með mun auðveldara að koma til móts við þarfir hvers einstaklings.

Haustið 1975 var keypt húseign að Oddeyrargötu 32 á Akureyri, að mestu fyrir framlag Styrktarfélag vangefinna á Norðurlandi. Þar hefur síðan verið rekið fjölskylduheimili fyrir 8—9 af vistmönnum Sólborgar. Rekstur þess hefur gefið góða raun og bendir ótvírætt til þess, að slík lausn á vistunarbörf vangefinna sé mjög æskileg.

Á fjölskylduheimili verða lífshættir allir eðlilegrir og líkari því sem gengur og gerist úti í samfélaginu, en það sjónarmið ber að hafa að leiðarljósi við uppbyggingu þeirrar þjónustu, er veita skal vangefna fólki.

Styrktarfélag vangefinna, Reykjavík



var stofnað 1958 af foreldrum og aðstandendum vangefinna og öðru áhugafólki. Stofnfélagar voru 120.

Í lögum félagsins stendur m.a.:

2. gr.

Tilgangur félagsins er að vinna að því:

- a. að komið verði upp nægilegum heimilum og stofnunum fyrir vangefið fólk, sem nauðsynlega þarf á þannig vistun að halda,
- b. að vangefna fólki veitist ákjósanleg skilyrði til þess að ná þeim þroska, sem hæfileikar þess leyfa,
- c. að starfsorka vangefins fólks verði hagnýtt.
- d. að einstaklingar, sem kynnu að vilja afla sér menntunar til þess að annast vangefið fólk, njóti riflegs styrks í því skyni,
- e. að annast kynningu á málum vangefinna með útgáfustarfsemi eða á annan hátt.

Þegar félagið var stofnað voru á stofnunum fyrir vangefna á landinu 114 manns. Fyrsta átak félagsins var að beita sér fyrir því, að stofnaður var með lögum frá Alþingi í maí 1958 Styrktarsjóður vangefinna með gjaldi af öli og gosdrykkjum, sem framleitt er í landinu.

Þá var og sett reglugerð um sjóðinn, en samkvæmt henni ráðstafaði félagsmálaráðherra fé sjóðsins, að fengnum tillögum stjórnar Styrktarfélag vangefinna. Var sú tilhögun af hálfu ráðuneytisins fram til ársins 1976, er Landssamtökin Þroskahjálpu voru stofnuð.

Teigur Styrktarsjóðs vangefinna frá upphafi til ársloka 1977 eru tæpar 400 millj. kr. Sjóðurinn hefur að langmestu leyti staðið undir þeirri uppbyggingu, er orðið hefur á stofnunum vangefinna undanfaran ár. Stærsti hlutinn hefur farið til aðalháls ríkisins í Kópavogi. Sjálfseignarstofnanir eru 3 sunnanlands: Sólheimar, Skálatún og Tjalda-nes, sem er í eigu ríkisins og Sólborg á Norðurlandi. Á þessum stofnunum eru nú um 375 manns. Auk þess á Styrktarfélagið og rekur tvö dagvistarheimili, Lyngás og Bjarkarás. Hið þriðja, Lækur, er í húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar. Á þessum heimilum eru alls 94 vistmenn.

Auk þess rekur félagið fjölskylduheimili (verndað heimili), en þar dvelja 5 stúlkur. Styrktarfélagið rekur skrifstofu í Reykjavík, sem annast fjárföflun og upplýsingaþjónustu. Félagið hefur tekið af happdrætti, merkjasölu, minningarkortum og frjálsum framlögum almennings, fyrirtækja og félagsamtaka.

Konur í félaginu hafa frá 1960 haft fjárföflun árlega og rennur það fé í sérstakan sjóð, sem ætlaður er til kaupa á innbúi, leik- og kennslutækjum fyrir dag- og vistheimili vangefinna, því ekki má verja fé úr Styrktarsjóðnum til annars en að reisa byggingarnar sjálfar. Styrktarfélagið stendur fyrir fundahöldum og almennri upplýsingaþjónustu m.a. með útgáfu tímarits og bæklinga og stuðlar að útgáfu bóka um málefnið. Ennfremur hefur það veitt náms- og ferðastyrki.

Framtíðarverkefni

Styrktarfélag vangefinna vill vinna að auknum skilningi landsmanna á rétti hins vangefna í þjóðfélaginu, m.a. með ráðgjöf og fræðslu fyrir foreldra.

Að reglugerð um sérkennslu frá 1. júní 1977 og 51. og 52. grein grunnskólalaga komi til framkvæmda.

Fullorðinsfræðslu vangefins fólks verði komið á til jafns við aðra þjóðfélagsþegna. Ennfremur að vangefnum verði tryggð störf við sitt hæfi s.s. á vernduðum vinnustöðum og á almennum vinnu-markaði. Í þessu skyni var nýlega skipuð nefnd innan Styrktarfélagins til þess að athuga möguleika á því að koma á fót verndaðri vinnustofu innan skamms.

Að komið verði á fót vernduðum heimilum, er standi hinum vangefna til boða.

Styrktarfélagið hefur í byggingu dagvistarheimili „afþreyingarheimili“, sem á að rúma 24 vistmenn.

Ennfremur er mikill áhugi fyrir eflingu alls kyns íþróttastarfs og bættri aðstöðu til líkamsræktar.

Skammtíma fósturheimili er aðkallandi, svo foreldrar geti komið börnum sínum til lengri eða skemmri dvalar allan ársins hring.

Á vegum Menntamálaráðuneytisins verður á þessu ári hafin bygging skólalagðs við dagheimilið Lyngás, en bygging skóla fyrir vangefna hefur verið eitt helsta baráttumál félagsins í mörg ár.


Landssamtökin



Tilgangur samtakanna er að sameina í eina heild öll félög, sem vinna í þágu þroskaheftra í landinu.

Kynningarbæklingur um Landssamtökin Þroskahjálpu liggur frammi á sýningunni.

Þroskaþjálfaskóli Íslands



Haustið 1958 var hafin kennsla í umönnun vangefinna á Kópavogshæli. Var skólinn, sem þá var stofnaður, nefndur Gæslusystirskóli. Fyrsti stjórnandi skólans var Björn Gestsson, forstöðumaður Kópavogshælis.

Námsefni og kennslutilhögun var aðallega sniðin eftir danski fyrirmynd. Frá upphafi var námið bæði bóklegt og verklegt og var námstími 2 ár. Haustið 1959 var í fyrsta skipti auglýst eftir nemendum og hófu þá 3 stúlkur nám.

Upphaflega starfsheiti útskrifaðra nemenda skólans var gæslusystir, en með reglugerð nr. 208/1971 breyttist nafn skólans í Þroskaþjálfaskóli Íslands og starfsheiti þeirra, er lokið höfðu námi, varð þroskaþjálfari.

Í fyrstu var kostnaður við skólalagd greiddur af fjárveitingu Kópavogshælis, en árið 1971 fékk skólinn í fyrsta sinn sérstaka fjárveitingu.

Nemendur fengu laun meðan á námi stóð, en voríð 1977 var sá háttur aflagður.

Skólinn starfar samkvæmt lögum nr. 53/1967 um fávitastofnanir. Með breytingu á þeim lögum 12. apríl 1977 var Þroskaþjálfaskólinn gerður að sjálfstæðri stofnun og sett ný reglugerð nr. 277/1977 undirrituð 4. júlí 1977 af Matthíasi Bjarnasyni, ráðherra heilbrigðis- og tryggingamála.

Hlutverk skólans er að veita nemendum fræðilega þekkingu og starfsþjálfun til að gegna uppeldi, umönnun og þjálfun þroskaheftra. Skólinn skal einnig annast símenntun þroskaþjálfara.

Inntökuskilyrði í skólann eru í stórum dráttum þessi:

Umsækjandi skal a.m.k. hafa lokið námi úr 2. bekk í samræmdum framhaldsskóla í þeim námsgreinum, er skólinn gerir kröfur til. Æskilegt er að umsækjandi hafi unnið á stofnun, þar sem þroskaheftir dveljast.

Umsækjandi skal vera orðinn 18 ára.

Nú stunda 53 nemendur nám í skólanum. Náms-tími er þrjú ár. Skólaárið hefst 1. september og lýkur 31. maí. Námið er bæði bóklegt og verklegt. Lögð er áhersla á uppeldisfræði, aðferðafræði, hand- og tónmennt og heilbrigðisgreinar. Verklega námið fer fram á ýmsum stofnunum.

Frá upphafi hafa 109 nemendur brautskráðst úr skólanum.

Brýndis Viglundsdóttir, sérkennari, er skólastjóri Þroskaþjálfaskólans. Við skólann kenna 17 kennarar, allt stundakennarar, nema verknámskennarinn, sem er í fullu starfi.

Skólinn hefur frá upphafi heyrt undir Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Heilbrigðisráðherra skipar 5 manna skólastjórn. Núverandi formaður skólastjórnar er Ingimar Sigurðsson, lögfræðingur, deildarstjóri í Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.



Stjórn Styrktarfélags vangefinna:

- Magnús Kristinsson, forstjóri, formaður.
- Gunnar Þormar, tannlæknir, varaformaður.
- Jóhann Guðmundsson, læknir, ritari.
- Davíð Kr. Jensson, byggingameistari, meðstjórnandi.
- Ragnheiður S. Jónsdóttir, húsmóðir, meðstjórnandi.

Varastjórn:

- Ólafur Ólafsson, landlæknir.
- Halldóra Sigurgeirsdóttir, húsmóðir.
- Sigurður Hallgrímsson, tæknimaður.
- Hilmar Sigurðsson, skrifstofustjóri.
- Sigurður Garðarsson, verslunarmaður.

Framkvæmdastjóri félagsins er Tómas Sturlaugsson. Skrifstofa félagsins er að Laugavegi 11, R. Sími 15941.

**Styrktarfélag vangefinna í Reykjavík
vill á þessum tímamótum færa fram þakkir
til þeirra fjölmörgu einstaklinga,
félagasamtaka og fyrirtækja, sem stutt
hafa félagið með fjárframlögum og margs
konar öðrum stuðningi á liðnum árum.**

Stjórn Styrktarfélags vangefinna.